

## Reglur vegna utanferða

Þegar kemur að ferðum sem Háskólinn á Hólum (HH) ber kostnað af þurfa faglegir starfsmenn að sitja við sama borð og standa þarf bæði óhlutdrægt og með opnum hætti að ákvörðunum um ferðir.

### **A. Ferðaheimild**

Samkvæmt reglum sem gefnar eru út af fjármálaráðuneyti þarf ferðaheimild fyrir allar ferðir starfsmanna, hvort sem kostnaðurinn er greiddur af HH eða öðrum. Útfylltri ferðaheimild skal skila til deildarstjóra/starfsmannastjóra minnst tveimur vikum fyrir brottför. Deildarstjóri leggur ferðaheimildina síðan fyrir rektor til endanlegs samþykkis. Rektor getur hafnað hvaða ferð sem er, liggi til þess fagleg og/eða stjórnsýsluleg rök.

### **B. Ferðir á kostnað annarra.**

Þegar starfsmenn HH ferðast á kostnað annarra gilda reglur þeirra er greiða kostnað ferðarinnar þannig að ekki falli kostnaður á HH.

**C. Ferðir kostaðar af HH; ferðasjóður.** Til þess að auðvelda fastráðnum akademískum starfsmönnum þátttöku í ráðstefnum erlendis og samstarf við erlenda vísindamenn og stofnanir er komið á fót ferðasjóði. Markmið sjóðsins er að ferðir starfsmanna erlendis nýtist með markvissum hætti til að efla faglegt starf HH, hæfni starfsmanna, kynningu á HH sem víðast, og stuðla að betri kennslu. Ferðir sem farnar eru á kostnað annarra (t.d. sjávarútvegsskólans), eða á kostnað verkefna þar sem fjármagn hefur verið skilgreint í verkáætlun eru fjármagnaðar utan ferðasjóðs en gert ráð fyrir að sömu meginreglur gildi.

Reglur sjóðsins eru eftirfarandi:

1. Ferðasjóður HH kostar þær ferðir starfsmanna sem farnar eru til að afla þekkingar eða vegna samstarfs. Framlag HH til sjóðsins ákvarðast í fjárhagsáætlun og miðast við ákveðna fjárhæð á hvern starfsmann við rannsóknir og kennslu.
2. Til þess að hljóta styrk úr sjóðnum þarf staðfesting á rannsóknasamstarfi að liggja fyrir. Styrkir vegna ráðstefnuferða miðast við þátttöku í fyrirlestrahaldi eða veggspjaldakynningu. Reiðkennarar geta fengið styrk úr sjóðnum til að fara á viðurkenndar kennslusýningar og ráðstefnur og þurfa þeir að gera grein fyrir reynslunni á opnum fyrirlestri við skólann.
3. Miðað er við að hver akademískur starfsmaður geti að jafnaði fengið úthlutað úr sjóðnum sem nemur kostnaði viðmiðunarferðar (sjá lið 4) annað hvert ár. Starfsmaður getur þó valið að fara oftar, t.d. árlega, en fær þá samsvarandi lægri fjárhæð úr sjóðnum til hvernar ferðar. Á sama hátt getur starfsmaður farið sjaldnar og fengið hærri kostnað greiddan í hvert skipti.
4. Úthlutun miði við ferð á meðalkjörum til Kaupmannahafnar/London, með upphaldi í þrjá daga, enda sé heildarframlag í ferðasjóð samsvarandi. Ein slík eining telst "Ferðaviðmið". Verðgildi einingarinnar er nú kr. 200.000. Úthlutun til reiðkennara og lektora miðast við 1 x ferðaviðmið en 1,5 x ferðaviðmið til dósenta og prófessora.

5. Starfsmenn tilkynna um ferðir og sækja um samkvæmt almennum reglum sbr. lið A. Að jafnaði skal tilgreina fyrirhugaðar ferðir í starfsáætlun hvers árs eða starfsmannasamtölum.

6. Starfsmanni er í sjálfvald sett hvernig heimild úr ferðasjóði er nýtt, og getur því farið í lengri og dýrari ferðir sé upphaldskostnaður lítill.

Almennar reglur um greiðslur undir C. lið

1. Starfsmenn sem ferðast á kostnað skólans geta ferðast i) á dagpeningum samkv. almennum reglum ríkisins (sem leiðir til mikils kostnaðar, og því verri nýtingar fjármagns) eða ii) að skólinn borgi fæði og gistingu samkvæmt reikningi, enda sé gætt meðalhófs, en fá þá einnig greidda dagpeninga fyrir upphald (ekki gistingu) helming tímans (til mótvægis við fjarvistir og önnur ferðaútgjöld).

2. Ávallt skal leitast við að tryggja sem ódýrastan ferðamáta.

#### **D. Ferðir kostaðar af öðrum.**

Ferðir kostaðar af öðrum aðilum koma ekki til frádráttar, en starfsmaður getur þó nýtt fé úr ferðasjóði á móti fjármagni annars staðar frá. Starfsmanni er í sjálfvald sett hvaða reglur eru notaðar til viðmiðunar greiðslu ferðakostnaðar í slíkum ferðum enda sé þá framlag úr ferðasjóði HH innan viðmiðunarmarka sjóðsins.

#### **E. Ferðir sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun styrktra verkefna**

Um slíkar ferðir gilda sömu reglur og getur um í lið D. Verkefnisstjóri hvers verkefnis gefur leyfi til ferðar, en fylla þarf út ferðaheimild eins og fyrir allar aðrar ferðir. Þær ferðir koma ekki til frádráttar ferðum sem fjármagnaðar eru úr ferðasjóði.

#### **F. Ferðir vegna stjórnarsýslu skólans**

Ferðir vegna stjórnarsýslustarfa skólans skulu almennt taka mið af því að lágmarka kostnað en eru ekki settar undir þessar reglur að öðru leyti.

Reglur sem falla undir C. lið: Ferðir kostaðar af HH– Ferðasjóður – munu taka gildi 1. janúar 2016.

Háskólanum á Hólum, 21. desember, 2015

Erla Björk Örnólfsdóttir rektor